

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 23. maí 2023 kl. 12:00

Hjördís Sigursteinsdóttir setti fundinn með dagskrá og stakk upp á að Stefán Guðnason yrði fundarstjóri og Ingibjörg Sigurðardóttir fundarritari, sem fundarmenn samþykktu. Alls voru 39 félagsmenn mættir á fundinn.

Dagskrá:

- Fundargerð
Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.
- Skýrsla stjórnar
Hjördís Sigursteinsdóttir fylgdi úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2022*. Hjördís skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.
- Endurskoðaðir reikningar
Ása Guðmundardóttir, prókúruhafi FHA, kynnti reikninga félagsins og skýrði frá fjárhag félagsins. Til umræðu kom gjald það sem FHA greiðir til BHM..

Reikningar voru samþykktir án athugasemda.
- Staðfesting á inntöku nýrra félaga
Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að listi með nöfnum 26 nýrra félaga sé réttur. Í félaginu eru því 199 meðlimir.
Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.
- Ákvörðun um árgjald
Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Tillagan var samþykkt einróma.
- Tillögur til lagabreytinga
Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.
- Kosning formanns
Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.
- Kosning stjórnar
Aðalmenn:
Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir hafa verið aðalmenn. Bæði hafa boðið sig fram áfram.

Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru kjörin til tveggja ára, án mótframboðs.

Varamenn:

Stefán Guðnason og Hrannar Már Hafberg hafa verið varamenn. Stefán Guðnason og Hrannar Már Hafberg hafa boðið sig fram og voru kjörnir varamenn til eins árs, án mótframboðs.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Fjóla Björk Karlsdóttir og Ólafur Jónsson buðu sig fram og voru kjörin einróma til eins árs, án mótframboðs.

10. Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

Hrannar Már Hafberg var kosinn varamaður.

11. Önnur mál

a. Starfsaðstaða starfsfólks í opinberum háskólum

Guðmundur Ævar Oddsson lagði fram tillögu um að FHA myndi styðja kollega félagsmanna við Háskóla Íslands annað hvort með ályktun eða yfirlýsingu vegna breytinga á vinnurými á Menntavísindasviði. Góður rómur var gerður að þessari tillögu og var ákveðið að lýsa yfir stuðningi við mótmæli í Félagi háskólakennara og álykta einnig um málið í samhengi við starfsaðstöðu í opinberu háskólunum.

b. Yfirlýsing og ályktun fundarins

Aðalfundur Félags háskólakennara við Háskólann á Akureyri 23. maí 2023 styður við ályktun aðalfundar Félags háskólakennara í Háskóla Íslands frá 11. maí síðastliðnum. FHA áréttar að sama skapi ótvírætt mikilvægi þess að starfsfólki Háskólans á Akureyri standi til boða skrifstofur sem tryggja gott næði fyrir störf sín svo sem gagnagreiningu, ritstörf, fjarfundi, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Mikilvægt er að opinberu háskólarnir beiti sér að fullum krafti gegn þeim áformum að vinnuaðstaða starfsfólks sé skert.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 13.

Ingibjörg Sigurðardóttir, fundarritari